

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/429
komudagur 25.6.2009

Álit

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur að beiðni efnahags- og skattanefndar fjallað um X.–XIII. og XV. kafla frumvarpsins og ákvæði til bráðabirgða VI. og VII. Á fund nefndarinnar kom Páll Þórhallsson frá forsætisráðuneyti, Bryndís Helgadóttir og Hjalti Zóphóniasson frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Sif Guðjónsdóttir og Karl Axelsson frá óbyggðanefnd og Guðmundur Þór Guðmundsson, Bjarni Grímsson og Gísli Jónasson frá Biskupsstofu. Umsagnir um framangreinda kafla frumvarpsins bárust frá Biskupsstofu, óbyggðanefnd, Háskóla Íslands, Siðmennt, Vantrú og Andrésí Inga Jónssyni.

Markmið frumvarpsins er að bregðast við miklu tekjufalli og útgjaldaauka sem ríkissjóður hefur orðið fyrir vegna áfalla á efnahagskerfið og þeirra miklu skulda sem fallið hafa á ríkissjóð í kjölfarið. Frumvarpið felur í sér breytingar á ýmsum lögum um tekjuöflun ríkissjóðs og tilteknum lögbundnum útgjaldaliðum. Í X. eru lagðar til breytingar á lögum um meðferð einkamála. Þar er lagt til að í stað dómstólaráðs verði ráðherra heimilað að kveða á um hámark gjafsóknarfjárhæðar í einstökum málaflokkum, sem og hámark þeirra tekna sem umsækjandi má hafa til að fá gjafsókn vegna efnahags. Í XI. kafla eru lagðar til breytingar á lögum um meðferð sakamála sem fela í sér að ráðherra verði í stað dómstólaráðs heimilað að mæla fyrir um tímagjald sem héraðsdómari skal taka mið af við ákvörðun þóknunar til skipaðs verjanda og skipaðs réttargæslumanns. Í skýringum í greinargerð kemur fram að fyrirhugað er að lækka tímagjaldið sem nú er 11.200 kr. um 12%. Var nokkuð rætt um hugsanlegar afleiðingar þess, þ.e. að færri yrðu tilbúnir til þess að taka að sér störf skipaðra verjanda og réttargæslumanna þar sem að þau eru oft mjög erfið og vandasöm og að það gæti hugsanlega komið niður á gæðum starfsins. Nefndin bendir á mikilvægi þess að skoðað verði hvernig unnt verði að bregðast við þeirri þróun sem viðbúið er að verði í aðkeyptri lögmannsþjónustu ríkisins eftir því um hvaða málaflokka er að ræða.

Í XII. kafla eru lagðar til breytingar á lögum um sóknargjöld, þ.e. lögboðnum framlögum úr ríkissjóði til þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og Háskóla Íslands vegna þeirra sem ekki eru í þjóðkirkjunni eða skráðum trúfélögum. Lagt er til að framlagið til Háskóla Íslands verði afnumið og í þess stað komi bein fjárheimild samkvæmt fjárlögum. Fellst nefndin á að sú tilhögun sé eðlileg. Við umfjöllun nefndarinnar var vakin athygli á því að um síðustu áramót voru sóknargjöld vegna ársins 2009 lækkuð úr 872 kr. í 855 kr. á mánuði fyrir hvern einstakling, 16 ára og eldri. Í ákvæði til bráðabirgða VI, sem á að taka gildi 1. júlí, er lagt til að gjaldið verði 811 kr. frá gildistöku og 767 kr. fyrir árið 2010. Vakinn er athygli á því að misræmi er á milli frumvarpstexta og skýringa í greinargerð. Var þeim sjónarmiðum hreyft fyrir nefndinni að eðlilegra væri að deila þessari lækkun niður á tvö ár og að gjaldið yrði því ekki lægra en 800 kr. á mánuði árið 2010 og 2011. Nefndin telur nokkur rök fyrir þeirri tillögu og telur eðlilegt að þjóðkirkjan og skráð trúfélög fái þann tíma til að bregðast við þessari lækkun með hagræðingu í rekstri.

Í XIII. kafla er lagt til að bætur ríkissjóðs til þolenda afbrota vegna einstaks verknaðar skuli ekki greiddar nema höfuðstóll sé 400.000 kr. eða hærri. Samkvæmt gildandi lögum er miðað við 100.000 kr. eða hærri bætur. Þannig fellur bótaskylda ríkissjóðs vegna smávægilegra brota niður. Í ljósi aðstæðna fellst nefndin á þessa tilhögun.

Í XV. kafla frumvarpsins er lögð til sú breyting á lögum um þjóðlendar og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta að tími óbyggðanefndar til að ljúka verkefni sínu verði framlengdur til ársins 2014. Nefndin tekur undir mikilvægi þess að ákvæði frumvarpsins leiði eingöngu til frestunar á því að þjóðlendumál verði til lykta leidd. Nefndin ræddi möguleika þess að skoðað verði hvort unnt sé að fresta svæði 7B sem óbyggðanefnd hefur hafið vinnu við.

Alþingi, 25. júní 2008.

Valgerður Bjarnadóttir,
Arndís Soffía Sigurðardóttir,
Vigdís Hauksdóttir, með fyrirvara,
Ásmundur Einar Daðason, með fyrirvara,
Þráinn Bertelsson.